

## Kennaradagurinn 5. október 2017

Beta- og Mýdeildir héldu í annað skiptið upp á alþjóðadag kennara. Við undirbúning var tekið mið af reynslu frá fyrra ári og þeim punktum sem sú nefnd skilaði af sér. Lagt er til að eftir hvert þing verði gerð samantekt sem sett er á heimasíðu deildanna. Þegar skipt er út nefndarkonum þá ber sú kona sem gengur úr nefndinni ábyrgð á að einhver komi í hennar stað. Gæta þarf að því að alltaf sé a.m.k. ein kona af hverju skólastigi, 4-6 konur alls.

### Til framtíðar:

Þær nefndir sem hafa sinnt þessu verkefni eru sammála um:

- að þingið verði ávalt í formi samræðu,
- að efnið tengist kennurum sjálfum,
- að þingið sé haldið utan skólahúsnæða,
- að leita til BKNE um samstarf,
- að þingið nái til allra skólastiga,
- að niðurstöður samræðuþings verði sýnilegar í samfélaginu á einhvern hátt

### Undirbúningur:

Fyrsti fundur var haldinn 24. maí 2017. Þá var efni þingsins ákveðið og einni úr hópnum falið að finna húsnæði og annarri að finna fyrirlesara. Hvorutveggja gekk eftir og var komið á hreint að vori. Næsti fundur var svo 30. ágúst og síðasti fundur 18. september. Að öðru leyti var notast við tölvupósta. Reyndar kom sú staða upp að fyrirlesarinn hætti við en það gekk að finna annan nógu tímanlega.

### Efni og fyrirkomulag:

Efni þingsins var **Líðan og starfsánægja kennara**. Sigrún Heimisdóttir, sálfræðingur var með 15 mínútna innlegg um efnið. Fundarmenn sátu 5-8 við hvert borð. Á hverju borði voru lituð blöð og fundarmenn fengu litaðan miða þegar þeir komu og fundu svo sitt borð. Eftir innlegg fyrirlesara fékk hvert borð karton í A-2 stærð í þeim lit sem þeirra borð var og á því var spurning sem átti að svara. Kartonin gengu svo á milli borða og næsti hópur átti að bæta við. Þannig fóru öll kartonin á öll borð. Hvert borð fékk fyrst 7 mínútur til að svara og svo styttest tíminn. Að lokum var hvert borð komið með sinn lit af kartoni aftur. Hver hópur á borði valdi að lokum 2 atriði af sínu kartoni og lásu upp. Katrín Fjóra var fundarstjóri og stjórnaði þessari vinnu. Fundamenn skrifuðu netföngin sín á blöð.

Næst: Þetta fyrirkomulag var mjög semmtilegt og mæltist vel fyrir. Um að gera að prófa aðra aðferð næst sem virkjar fólk svona vel.

### Afrakstur:

Eftir þingið var niðurstöpunar teknar saman af Beta og Mýkonum. Þær voru sendar á netföng fundarmanna, á stjórnendur á svæðinu sem höfðu fengið póst um samræðuþingið, fræðslustjóra Akureyrarbæjar, varaformann KÍ og Svandísi Ingimundardóttur hjá Sambandi Ísleskra sveitarfélaga. Svandís fékk leyfi til að nota niðurstöðurnar á Skólamálaþingi sambandsins í nóvember og að senda það á fréttamann. Einnig fékk nefnd á vegum háskólanna sem er að vinna að tillögum vegna kennaraskorts aðgang að niðurstöðunum.

Næst: Mikilvægt er að finna leiðir til að koma niðurstöðum samræðuþings kennara á framfæri eða að ályktun sé gerð á staðnum sem færi þá til viðeigandi aðila.

## Húsnæði:

Jarðhæð á Borgum fékkst endurgjaldslaust, það er hreingerningafyrirtækið ISS sem á það og húsvörðurinn á Borgum gaf leyfið. Þetta er gott húsnæði en á þinginu voru 70 – 80 manns og miðað við að hafa borð (samræðu) þá var húsnæðið of lítið. Galli var líka á að ekkert hljóðkerfi er í salnum og því heyrðist illa í fyrirlesara sem lá lágt rómur. Það hefði verið hægt að fá kerfi frá HA en fyrir það hefði að öllum líkindum þurft að greiða a.m.k. fyrir aðstoðina við að koma því fyrir.

Næst: Nefndin leggur til að annað húsnæði verði fengið næst og passa þarf upp á að þar sé hljóðkerfi. Ósk nefndarinnar er að metnaður verði lagður í húsnæðið eins og þingið og því þarf eflaust að afla fjá með einhverjum hætti til að fjármagna það.

## Veitingar:

Beta og Mýkonur komu með veitingarnar og voru þær mjög glæsilegar að þessu sinni. Það má taka til fyrirmyndar næst. Leggja þarf áherslu á að þær séu gírnilegar og fjölbreyttar. Einnig þarf að gefa fólki góðan tíma fyrir þingið til að njóta þeirra og spjalla.

## Tímasetning:

Eftir reynslu og ábendingar fyrra árs var ákveðið að hafa þingið frá kl. 16.15 – 18. Þessi tímasetning stóðst vel. Fólk hafði tíma frá kl. 16.15 – 16.30 til að spjalla og fá sér veitingar, fyrilesturinn hófst svo kl. 16.30 og stóð vinnan til tæplega 18.

Næst: Trúlega er gott að halda sig við þetta fyrirkomulag á tíma.

## Samstarf og auglýsingar:

Að þessu sinni var samstarf og samráð við KÍ ekki eins og nefndin vildi. Ástæðan er að KÍ gaf svo seint frá sér hvert þeirra efni yrði þennan dag. KÍ auglýsti viðburðinn fyrir okkur á sinni síðu sem er mikilvægt. Fræðslustjóri Akureyrarbæjar var líka beðin um að koma þessu á framfæri við skólastjórnendur á svæðinu og var hún dugleg að minna þá á, en ein nefndarkvenna var vakandi fyrir að minna hana á og senda henni upplýsingar. Ekki gekk að fá viðtal á N4 og viðburðurinn var ekki auglýstur. Send var út fréttatilkynning á blöðin á Norðurlandi og var það aðeins blaðið Akureyri sem birti fréttaklausu um það. Að öðru leyti var notast við tölvupósta til skólastjórnenda og félagskonur voru duglegar að dreifa boðskapnum og auglýsingu. Dóttir Bjargar Eiríks hefur gert auglýsingarnar. Búin var til facebookarsíða sem var deilt, viðburðurinn var auglýstur á heimasíðu DKG og á facebookarsíðu DKG.

Næst: Það þarf að gæta þess vel að lesa bréf og auglýsingu vel yfir áður en hún er send út því betur sjá augu en auga. Leita þarf til BKNE um samstarf og fjármagn. Um að gera að reyna fleiri auglýsingaleiðir sem kosta lítið eða ekkert. Ekki gleyma fréttatilkynningum til blaða.

## Annað:

Mikilvægt er að nefndin sem sér um þingið hverju sinni sé dugleg að upplýsa félagskonur um undirbúninginn og virkja þær eins og hægt er. Meðal félagskvenna þessari tveggja deilda er mikill mannauður og eins meðal kvenna í öðrum deildum. Sjálfsagt er að leita til þeirra fyrst um innlegg og hugmyndir áður en farið er út fyrir samtökin.

31. janúar 2018.

Björg Eiríksdóttir,  
Hugrún Sigmundsdóttir,  
Katrín Fjóla Guðmundsdóttir,  
María Gunnarsdóttir,  
Þorgerður Sigurðardóttir.